

**STJÓRNARFUNDUR Á HÓTEL VARMAHLÍÐ  
ÞRIÐJUDAGINN 15. MARS 2011 KL 09:30.**

Þriðjudagurinn 15. Mars 2011 kom stjórn SSNV saman til fundar í Hótel Varmahlíð. Mættir voru: Bjarni Jónsson, Adolf H, Berndsen Ágúst Þór Bragason, Sigurjón Þórðarson, Skúli Þórðarson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri sat fundinn undir 2. Lið og Svanfríður Jónasdóttir var í símasambandi. Sólrún Júlíusdóttir boðaði forföll. Guðmundur Guðmundsson frá Bygðastofnun sat fundinn undir 3. lið.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði

**1. Fundargerð síðasta fundar.** Engar athugasemdir við fundargerðina.

**2. SSNV málefni fatlaðra**

- a. **Fundargerð þjónustuhóps frá 06.01.2011.** GSG kynnti einstaka liði fundargerðarinnar. Fundargerðin staðfest.
- b. **Fundargerð þjónustuhóps frá 28.01.2011.** GSG kynnti einstaka liði fundargerðarinnar. Fundargerðin staðfest.
- c. **Fundargerð þjónustuhóps frá 15.02 2011.** GSG kynnti einstaka liði fundargerðarinnar. Fundargerðin staðfest. Vegna 1. liðar fundargerðarinnar vill stjórn árétta að skráning og utanumhald ganga vegna málefna fatlaðra er á ábirgð einstakra þjónustusvæða byggðasamlagsins. Ekki verður um samræmdan hugbúnað að ræða af hálfu byggðasamlagsins líkt og verið hefur.
- d. **Fundargerð þjónustuhóps frá 25.03.2011.** GSG kynnti einstaka liði fundargerðarinnar. Fundargerðin staðfest. Vegna 6.liðar fundargerðarinnar samþykkir stjórn að fela verkefnisstjóra og framkvæmdastjóra að vinna drög að verklagi varðandi endurskoðun á stefnu byggðasamlagsins í búsetumálum fatlaðra 2005 - 2012 fyrir næsta fund.
- e. **Endurbætur á Sambýlinu Lindargötu á Siglufirði.** GSG fór yfir stöðu mála varðandi endurbætur á Sambýlinu Lindargötu 2 á Siglufirði.
- f. **Húsnæði Iðju á Siglufirði.** GSG upplýsti að stafsemi Iðju á Siglufirði hefur verið flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði sem áætlað er að taka formlega í notkun í byrjun aprílmánaðar.
- g. **Undirritun þjónustusamnings aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins.** Framkvæmdastjóri upplýsti að nú hafa öll aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins staðfest þjónustusamningsins. Stjórn leggur til að undirritun þjónustusamning fari fram við sama tækifæri og húsnæði Iðju á Siglufirði verður formlega tekið í notkun. Verkefnisstjóra og framkvæmdastjóra falinn undirbúningur og kynning.

**3. SSNV atvinnuþróun**

- a. **Verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa janúar-febrúar 2011.** Framkvæmdastjóri lagði fram verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa í janúar og febrúar og skýrði einstaka liði.
- b. **Niðurstöður þjónustukönnunar SSNV atvinnuþróunar 2010.** Framkvæmdastjóri lagði fram niðurstöðu þjónustukönnunar SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2010.

**c. Vaxtarsamningur Norðurlands vestra – endurnýjun.**

Framkvæmdastjóri lagði fram upplýsingar um væntanlegt innihald nýs Vaxtarsamnings Norðurlands vestra sem áformað er að gildi tímabilið 2011-2014. Gert er ráð fyrir að framlag Iðnaðarráðuneytisins til nýs samnings verði 30 milljónir á ári. Þá var lagt fram til kynningar mat Byggðastofnunar á eldri samningi sem unnin var að beiðni Iðnaðarráðuneytisins. Umræður urðu um endurnýjaðan Vaxtarsamning og þær áherslur sem þar koma fram.

4. **Landshlutaáætlun Norðurlands vestra - næstu skref í framhaldi af samþykkt síðasta stjórnarfundar.** Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir 1. vinnufund starfshóps um gerð landshlutaáætlana sem haldinn var í Reykjavík þann 7. Mars s.l. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra eftir fundinn og einnig minnisblað framkvæmdastjóra Sambands Íslenskra sveitarfélaga um gerð landshlutaáætlana. Umræður urðu um fyrirkomulag gerðar landshlutaáætlunar fyrir Norðurland vestra. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu milli funda.
5. **Menningarsamningur Norðurlands vestra – endurnýjun staða mála.** Formaður fór yfir niðurstöðu samtals við menntamálaráðherra þar sem komið var á framfæri athugasemdum stjórnar SSSNV vegna endurnýjunar menningarsamnings Norðurlands vestra. Niðurstaðan er að varla er að vænta leiðréttingar að svo stöddu. *Stjórn SSSNV lýsir yfir vonbrigðum með þá miklu skerðingu sem boðuð er og áskilur rétt til þess sækja á leiðréttingu síðar. Stjórnin harmar að lengra sé gengið í niðurskurði til menningarsamnings Norðurlands vestra en annarra landsvæða. Þrátt fyrir það samþykkir stjórnin framlögð samningsdrög því mikilvægt er að samningurinn taki gildi sem fyrst og felur formanni undirritun.*
6. **Almenningssamgöngur á Norðurlandi vestra- staða mála.** Lögð fram fundargerð frá fundi um almenningssamgöngur frá 14. febrúar s.l ásamt fleiri gögnum sem lögð voru fram á fundinum. Umræður urðu um málið.
7. **Fundir formanns og framkvæmdastjóra með Innanríkisráðherra og Umhverfissráðherra.** Formaður fór yfir efni funda sem hann og framkvæmdastjóri áttu með Innanríkisráðherra annarsvegar og Umhverfissráðherra hins vegar þar sem fylgt var eftir áherslum SSSNV og sveitarfélagana í þeim málaflokkum sem undir ráðuneytin heyrar.
8. **Fundargerðir**
  - a. **Stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 2. mars 2011.** Lögð fram til kynningar.
  - b. **Stjórnar SSA frá 28. febrúar 2011.** Lögð fram til kynningar.
9. **Frumvörp til umsagnar**
  - a. **Frumvarp til laga um virðisaukaskatt (endurgreiðsla skatts vegna kaupa á varmataekjum), 393, mál:** Stjórn tekur undir efnisatriði frumvarpsins og hvetur til samþykktar þess.
  - b. **Tillaga til þingsályktunar um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf, 273 mál.** Veitir ekki umsögn.
  - c. **Frumvarp til laga um umferðarlög (heildarlög) 495. mál.** Framkvæmdastjóra koma ábendingum SSSNV á framfæri í samræmi við

umræður á fundinum.

- d. **Tillaga til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. Mál.** Veitir ekki umsögn.
- e. **Frumvarp til laga um Farsýsluna, Stjórnsýslustofnun samgöngumála (heildarlög), 385. mál.** Lögð fram umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið. Stjórn SSNV tekur undir umsögn Sambandsins.
- f. **Frumvarp til laga um vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála (heildarlög). 386.mál.** Lögð fram umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið. Stjórn SSNV tekur undir umsögn Sambandsins.

#### 10. Önnur mál

Umræður urðu um nýframlagða þingsályktunartillögu nokkurra þingmanna um lagningu Svínavatnsleiðar sem og framgöngu Akureyrarbæjar varðandi sömu veglagningu sem lesa má í fundargerð bæjarráðs Akureyrarbæjar frá 10.mars 2011. Eftirfarandi bókun var samþykkt. *Stjórn SSNV útrekar fyrri ályktanir sem og ályktun 18. ársþings SSNV um að lögum samkvæmt fara sveitarfélögin með skipulagsvaldið. Stjórnin skorar á öll sveitarfélög landsins að standa saman vörð um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga í skipulagsmálum . Stjórnin beinir því til alþingismanna að leggjast gegn öllum áformum um lagasetningar sem ganga gegn þeim rétti. Stjórnin lýsir undrun á framgöngu Akureyrarbæjar í umfjöllun um lagningu svonefndrar Svínavatnsleiðar/Húnavallaleiðar sem gengur freklega gegn rétti og hagsmunum viðkomandi sveitarfélaga og lesa má í fundargerð bæjarráðs Akureyrarbæjar frá 10. Mars 2011.*

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 13:00

Jón Óskar Pétursson fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.